

**UNIVERSITY COLLEGE LONDON**

University of London

**EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS**

For The Following Qualification:-

*B.A.*

**Scand. Studs. SC1190: Basic Modern Icelandic**

**COURSE CODE : SCAN1190**

**UNIT VALUE : 1.00**

**DATE : 22-MAY-06**

**TIME : 10.00**

**TIME ALLOWED : 3 Hours**

Answer **ALL** questions.

**A. (30%) Read the following text carefully and answer question 1 below in your Answer Book:**

Ég á gamla frænku sem heitir Þórdís. Þórdísi finnst gaman að búa til mat og kökur, og stundum heldur hún stórar veislur fyrir alla fjölskylduna. Um síðustu helgi hélt hún samt litla veislu. Hún bauð mér og systur minni, henni Kötlu, og líka Gumma, sem er bróðursonur mömmu. Við systir mín komum saman heim til hennar á 5 tilsettum tíma kl. 3, en Gummi var þá ekki mættur. Þórdís sagði: „Við skulum bíða eftir honum í smá stund, en svo byrjum við bara að borða.”

Við biðum og biðum, en ekkert bólaði á Gumma. Við Katla vorum orðnar mjög svangar, en Þórdís vildi samt bíða aðeins lengur eftir Gumma. Hún sagði: „Hann hlýtur að fara að koma núna.”

10 Svo loksins kl. 4 kom hann hlaupandi. Hann opnaði dyrnar og kallaði: „Þórdís frænka, ég missti af strætó og þurfti að bíða í hálf tíma eftir næsta strætó.”

„Af hverju léstu ekki þabba þinn keyra þig?” sagði Þórdís.

„Bíllinn hans er svo gamall og ljótur að ég vil ekki láta sjá mig í honum á götum bæjarins” sagði Gummi þá.

15 Gummi er nú alveg hræðilega snobbaður.

Þórdís hristi bara höfuðið, og svo bað hún mig að hjálpa sér að bera á borð kökurnar og matinn sem hún hafði búið til.

Ég fór fram í eldhús til hennar og fékk strax vatn í munninn. Þarna voru smurð flatbrauð með hangikjöti, samlokur með eggjum og túnfiski og þrjár heilar tertur. Það 20 var ein rjómaterta, ein súkkulaðiterta og ein eplaterta.

Mig langaði mest í súkkulaðitertuna, en ég vissi að það væri best að borða fyrst allavega hálfu samloku og dálítið af hangikjöti til þess að gera Þórdísi frænku ekki sorgmædda yfir því að þurfa að henda öllum þessum fína mat í ruslið.

Ég bar allan matinn á borðið í borðstofunni og svo sagði Þórdís: „Gjörið þið svo vel, maturinn er til”.

25 Og svo settumst við niður. Við Katla ætluðum að fara að borða, en þá sagði Gummi: „Ætlið þið í alvöru að borða þennan mat? Ég borða bara grænmeti. Þessi matur er mjög óhollur.”

Við Katla þorðum ekkert að segja, en ég leit á Þórdísi frænku sem sagði: „Gummi  
30 minn, síðan hvenær borðar þú bara grænmeti. Ég sá þig um síðustu helgi heima hjá  
foreldrum þínum borða kjúkling og franskar kartöflur.”

Gummi sagði: „Það var um síðustu helgi, en nú er ég grænmetisæta.”

Svo ýtti hann disknum sínum frá sér og sagði: „Jæja, nú ætla ég heim. Komiði með  
stelpur?”

35 Ég ætlaði að segja eitthvað við hann, en þá öskraði Þórdís frænka: „Fariði burt, öll  
þrjú. Þetta verður í síðasta skipti sem ég býð ykkur krökkunum heim til mín.”

„Gott!” sagði Gummi og hljóp út.

Við Katla urðum eftir og reyndum að tala við Þórdísi frænku, en hún sagði okkur  
bara að láta sig í friði, og svo hljóp hún inn í svefnherbergið sitt og skellti hurðinni á  
40 eftir sér.

Við Katla stóðum lengi fyrir framan svefnherbergisdyrnar hjá Þórdísi frænku og  
reyndum að tala við hana, en hún sagði okkur bara að fara burt. Svo að lokum fórum  
við. En þegar við komum heim hringdum við í Gumma og sögðum honum að hann  
væri mjög ókurteis.

45 En vitiði hvað Gummi sagði þá? „Þið eruð svo vitlausar. Við Þórdís vorum bara að  
gabba ykkur. Í dag er fyrsti apríl, við ætluðum bara að athuga hvað þið gerðuð. Hvort  
þið borðuðuð allan matinn einar eða ekki. Þórdís frænka er hérna hjá mér núna, bíðiði  
aðeins.”

50 Og þá kom Þórdís hlējandi í símann og kallaði: „Fyrsti apríl, fyrsti apríl. Þarna  
gabbaði ég ykkur. Hahaha.”

Á eftir töluðum við Katla lengi um hvað Þórdís og Gummi væru skrýtin, en svo  
ákváðum við að segja frá þessu svo að aðrir sem eiga gamlar frænkur passi sig á þeim  
fyrsta dag í hverjum aprílmánuði.

**1. Answer the following questions (a)-(g) in English:**

- (a) In a few sentences what is the story about?
- (b) What opinion does the storyteller have of Gummi?
- (c) What reason did Gummi give for turning up so late?
- (d) How did Þórdís react to Gummi at the table?
- (e) How did Þórdís react to the girls after Gummi had left?
- (f) What did the girls find out when they phoned Gummi up?
- (g) Translate lines 21-32 of the above text into English.

**B. (30%) Answer questions 1-5 below in your Answer Book.**

- 1. Write an Icelandic word that has an *opposite* meaning to EACH of the following words (a)-(e) below:**

- (a) feit
- (b) sveit
- (c) opna
- (d) ánægður
- (e) byrja

- 2. Decline the nouns (a)-(e) below with the definite article, according to the following pattern:**

stelpu: stelpan – stelpuna – stelpunni – stelpunnar

- (a) póstkort
- (b) afgreiðslumanni
- (c) köku
- (d) trefil
- (e) gröf

- 3. Give the cardinal forms (infinitive, present tense first person singular, past tense first person singular and plural) of the verb in (a)-(e), according to the following pattern:**

fór: að fara – fer – fór – fórum

- (a) bjó
- (b) eiga
- (c) vann
- (d) sá
- (e) hét

**4. Write the correct prepositions in place of the numerals in (a)-(e):**

- (a) Hann ætlar (1) heimsókn til Indlands.
- (b) Konan fór (2) gallabuxunum.
- (c) Þau fengu sér svínakótilettur (3) kartöflum.
- (d) Hún vill ekki tala (4) mig.
- (e) Við vorum að koma (5) Þýskalandi.

**5. Write the correct form of the appropriate pronoun (personal/possessive/reflexive) in place of the numerals in (a)-(e). In each case, the pronoun in question refers to the subject.**

- (a) Hann sagði mömmu (1) að þetta væri vitlaust.
- (b) Gættu (2)!
- (c) Borðaðu matinn (3)!
- (d) Hann flýtir (4) heim.
- (e) Ég fór heim til vinkonu (5).

**C. (40%) Write an essay in Icelandic (of AT LEAST 150 words) on ONE of the following topics:**

1. Ísland.
2. Áhugi minn á tungumálum.
3. Matur og heilsan.
4. Áhugavert ferðalag.
5. Borgarlíf.
6. Uppáhalds bíómyndin mín.